

Fylgiskjal VI: Lýsing á mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða að draga úr losun:

Tilvísun til III. kafla, 10.2.f. greinar reglugerðar 785/1999 m. Breytingum 849/2000, 47/2001, 105/2004 og 1077/2055 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun („Lýsing á mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða að draga úr losun“).

Ráðstafanir sem Stolt Sea Farm notar til að draga úr áhrifum losunar eru góðar starfs- og vinnureglur fiskeldisstöðva. Vatnaskipti eru ör til að tryggja rétt umhverfi til vaxtar fisks, en við slík skilyrði er fóðurnýtingin 1:1, sem þýðir minni fóðurleifar. Hitastig ákvarðar vöxt fiska. Þar sem hitastig fiskeldisins verður 20°C, sem er kjörhiti fyrir senegalflúru, er tryggt að fóðurnýting verði mjög góð.

Senegalflúru er gefið hágæða fóður unnu úr sjávarafurðum, en yfir 60% þess er unnið úr fiski, fiskolíu og fiskimjöli. Senegalflúra, líkt og annar flatfiskur, krefst mikils meltanleika fóður og því er einungis notað hágæða fiskimjöl og framleiðsla þess, annað hvort LT eða Super Prime¹. Fiskimjölið er unnið úr fiski, sem veiddur er á fiskimiðum, þar sem stundaðar eru viðurkenndar sjálfbærar, umhverfisvænar fiskveiðar og þar sem PCB (polychlorinated byphenyl) mælist í litlu magni, s.s. eins í lögsögu Perú og Chile.

Senegalflúra er botnæta og alæta², og því er neðanverðri aðferð beitt við fóðrun hans:

1. Senegalflúra er skilgreind sem alæta, sem étur stöðugt lítið magn af fóðri, og því þarf að fóðra hana reglulega allan sólarhringinn.
2. Fiskurinn nærast helst að nóttu til eða við lítið ljósskin, af þeim sökum er breitt yfir kerin þannig að hægt sé að fóðra fiskinn stöðugt allan sólarhringinn;
3. Fiskurinn er fóðraður með sjálfvirkum fóðurgjöfum, sem reikna út magn fóðurs miðað við stærð fisks og hitastig vatns;
4. Til að meta fóðurþörf fisksins sem best, er um 20% af fóðrinu gefið af reyndu starfsfólki með handfóðrun.
5. Senegalflúra sækir fóðrið í botn kersins með því að renna á lyktina af því. Lyktarefni fóðursins er því mikilvægur eiginleiki þess. Fóðrað er í smáum skömmtum til að tryggja að fóðrið sé ávallt ferskt, og til að tryggja að engin steinefni eða vítamín glatist.

Í meðfylgjandi fylgiskjali („fóðurnýting í flúrueldi Couso og Anglet“) má sjá rauntölur um fóðurnýtingu í tilraunaeldi (Couso), þar sem í ljós kemur að meðal fóðurnýting yfir árið er 09-1,1. Einnig er yfirlit yfir fóðurnýtingu í iðnaðareldi í Anglet (sjá fylgiskjal). Hér kemur skýrt fram að þótt eldið sé aukið til muna frá tilraunaeldi í iðnaðareldi, þá er lítil breyting á fóðurnýtingunni sjálfri. Við vísun einnig í hjálagað grein P. Coutteau et al, „Ongrowing Feed for Senegal Sole. Hjálagað er einnig niðurstöður rannsóknar kafara gerðar við frárennsli fiskeldisstöðvar Stolt Sea Farm í Noregi³.

¹ LT stendur fyrir Low Temperature og er nánari skýring á því þurrkunarferli sem á sér stað þegar verið er að þurrka fisk við lágt hitastig. Síðan er unnið fiskimjöl úr þessu hráefni. Super Prime annað nafn fyrir sömu þurrkunaraðferð.

² Enska „grazer“: botnæta, sem étur stöðugt litlar lífverur, þörungur og þess háttar.

³ Visuell dykkerinspeksjon av prosessutløpet til Stolt Sea Farm, Kvinesdal kommune. Rapport nr. 7810.